

Heilsa kvenna, heilsa mannkyns: Stöðvum ofbeldið

Ofbeldi ógnar bæði andlegri og líkamlegri heilsu kvenna um allan heim og er útbreiddasta mannréttindabrot okkar tíma. Ofbeldi karla gegn konum brýtur gegn grundvallarfrelsi mannkyns og er ein versta birtingarmynd kynjamisréttis.

Rík skylda hvílir á stjórnvöldum að sporna við ofbeldi karla gegn konum og styðja úrræði fyrir þær sem verða fyrir ofbeldi. Samkvæmt samþykktum Sameinuðu þjóðanna bera stjórnvöld ábyrgð á því að draga úr kynbundnu ofbeldi með því að tryggja fjármagn til forvarna og efla úrræði. Brýnt er að allar opinberar stofnanir skoði hvernig þær eru í stakk búnar til að vinna að forvörnum og úrræðum.

Í forvörnum felst fræðsla um jafnrétti kynjanna og virðingu á öllum skólastigum og öflugt kynningarstarf meðal almennings. Til að geta brugðist við kynbundnu ofbeldi þurfa fagstéttir að vera menntaðar til að takast á við afleiðingar ofbeldis hvort sem er í lög-gæslu, innan mennta-, heilbrigðis-, dóms- eða félagsmálakerfis. Allar samfélagsstofnanir þurfa að hafa verklagsreglur sem kveða á um hvernig brugðist skuli við upplýsingum um kynbundið ofbeldi. Úrræði fyrir þolendur ofbeldis, svo og ofbeldismenn, þurfa að vera tryggð og efld. Neyðarmóttaka fyrir þolendur heimilisofbeldis þarf að vera starfandi líkt og Neyðarmóttaka vegna nauðgunar.

Ljóst er að margt hefur áunnist síðustu árin í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi og ber að fagna því. Lög eru til endurskoðunar, verklagsreglur fyrir lögreglu eru orðnar að veruleika, fjármagn til meðferðar fyrir heimilisofbeldismenn er tryggt og aðgerðaáætlun á landsvísu er í smíðum. En betur má ef duga skal. Sveitarstjórnir hljóta að axla ábyrgð og samræma aðgerðir innan þeirra stofnana sem heyra undir sveitarstjórnarstigið.

Undirrituð samtök og stofnanir, sem standa að 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi árið 2005, skora því á stjórnvöld, jafnt á landsvísu sem á sveitarstjórnastigi, að grípa til allra nauðsynlegra aðgerða til að vinna að bættri heilsu kvenna og uppræta þann smánarblett sem kynbundið ofbeldi er á íslensku samfélagi. Einnig er brýnt að stjórnvöld hafi hagsmuni kvenna að leiðarljósi í samvinnu við önnur lönd, ekki síst í þróunarsamvinnu, friðargæslu og alþjóðlegu mannréttindastarfi. Við lýsum okkur reiðubúin til samstarfs og til að miðla þeirri þekkingu sem við búum yfir.

Virðingarfyllst,

Alnæmisbörn
Alnæmissamtökin á Íslandi
Amnesty International á Íslandi
Blátt áfram
Bríet – félag ungra femínista
Femínistafélag Íslands
Konur gegn limlestingu
Kvenfélagasamband Íslands
Kvennahreyfing Öryrkjabandalags Íslands
Kvennaráðgjöfin
Kvenréttindafélag Íslands
Mannréttindaskrifstofa Íslands

Neyðarmóttaka vegna nauðgunar
Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum
Rauði Kross Íslands
Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi
Samtök um kvennaathvarf
Soroptimistasamband Íslands
Stígamót
Styrkur – úr hlekkjum til frelsis
UNIFEM á Íslandi
V-dagssamtökin
Zonta á Íslandi
Þjóðkirkjan

